



Tækniupplýsingar

DECORATORS VARNISH

INNILAKK

Eiginleikar: Hraðþornandi, vatnspolið, gott þol gagnvart blettum og núningi, andar, vörn gegn útfjólublárrí geislun.

Hentar fyrir: Við sem þiljulakk, málaða og kalkmálaða fleti, veggfóður, gifs, veggmálverk, textíl og fleira.

VÖRULÝSING

Glært akrýllakk í sérflokki sem nýtir nanótækni til að vernda ýmsar gerðir yfirborðs, svo sem plast- og kalkmálaða fleti, veggfóður, textíl, við og gifs. Lakkið er fáanlegt í 3 gljástigum: Gljáandi (gloss) fyrir háglansandi áferð, hálfmatt (satin) sem gefur fletinum aukna dýpt og matt (dead flat).

Lakkið er vatns-, bletta- og hitaþolið, en gegndræpt fyrir vatnsgufu. Það lokar og verndar veggfóður, latex- og akrýlþeytu veggmálningu, gifs, textílefni og skrautmálningu.

UV-sía – Ver undirlagið gegn skaðlegri útfjólublárrí geislun og dregur þannig úr upplitun, gulnun og veðrun yfirborðs.

Gegndræpt – Vatnsfælið og endingargott lakkyfirborð kemur í veg fyrir ísog vatns en hleypir þó vatnsgufu og lofti í gegn. Örmá op á lakkyfirborðinu hrinda frá sér og hindra vöxt þörunga-, sveppa- og myglugróa.

Mygluvarið – Uppbygging lakksins hindrar að örverur nái sér á strik.

Hraðþornandi – Þornar hratt og því stutt bið milli umferða.

UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

Undirlag ætti að vera slétt, hreint og laust við öll aðskotaefni svo sem olíu, feiti og óhreinindi. Ef það er ekki tryggt getur myndast yfirborðsspenna og lakkið illa binst við flötinn. Mælt er með Nordsjö Málartvätt til að þrifa óhreinindi og fitu. Einnig er gott að strjúka yfir málaðan flöt með slípmottu (filtmottu) af fínustu gerð.

LÖKKUN

Gljáandi eða hálfmatt: 2-3 umferðir.

Matt: 1-2 umferðir.

Óþarfi er að þynna lakkið nema þegar grunna skal gleypin yfirborð, t.d. veggfóður og kalkmálningu. Þynnið þá um 10% með vatni.

Notið vandaða pensla úr gerviefnum eða úðið með viðurkenndum búnaði.

Ekki er mælt með rúlla lakkið, hætta er á að mynstur geti myndast. Hrærið vel.

Ef litlar loftbólur myndast undir filmunni skal nudda blettinn með rökum klút til að brjóta upp yfirborðsspennu og bera lakkið aftur á svæðið.

Sé óskað eftir mattri áferð en miklum styrk er 1 umferð sett af gljáandi/hálfmöttu lakki og síðan 1 umferð af möttu.

VÖRN YFIR KALKMÁLNINGU

Kalkmálning þarf að hafa staðið og þornað í 3-5 daga. Ætíð skal nota möttu gerðina af lakkinu (Decorators Varnish Mat) yfir kalkmálningu. Hún breytir lit og áferð minna en hærrí gljástig. Dekkri litir breytast meira (dökkna) en ljósir litir. Þynnið lakkið ætíð um 10% með vatni. Berið á með pensli eins og hreyfingarnar liggja í kalkmálningunni. Í flestum tilfellum dugir 1 umferð en hugsanlega þarf 2 umferðir þar sem álagið er meira.

ATHUGIÐ

Gerið ávallt prófun áður en vinna hefst. Endanlegt útlit er háð lit, viðartegund í undirlagi og fjölda umferða. Berið lakkið ekki á olíu/olíumálningu sem ekki er fullþornuð.

Þegar lakkað er með möttu lakki skal draga vel úr því þar sem umframmagn gæti myndað hvítleit ský. Ráðlegt er að prófa lakkið á litlum fleti áður en lagt er í stærri flöt, sérstaklega þegar liturinn undir er dökkur. Gerið einnig prófun þegar lakka skal yfir veggfóður til að tryggja að viðloðun sé næg. Berið ekki á olíu/olíumálningu sem ekki er fullþornuð.

ÞEKJA

Á bilinu 15-20 m² á lítra á umferð

HREINSUN ÁHALDA

Áhöld má hreinsa með sápu og vatni á meðan lakkið er blautt. Þurrkið slettur af flötum með rökum klút. Þorni lakkið, næst það ekki af nema með málningarleysi.

EIGINLEIKAR LAKKS

Þurr lakkefni:	Gljáandi, hálfmött, mött
Þurrktími:	1-2 klst við 20°C Lágt hitastig/hátt rakastig lengir þurrktíma
Hörðunartími:	Allt að 5 sólarhringum við 20°C
Tími milli umferða:	Allt að 2 klst við 20°C
Yfirborðsharka:	Endingargott Skapar hvorki eldhættu við og eftir notkun né eftir hörðun. Hefur gott þol gegn útfjólublárrí geislun, vatni, myglu og núningi.

UMBÚÐASTÆRÐIR

100 ml, 500 ml og 1 L.

GEYMSLA

Geymið í óopnuðum umbúðum á köldum, þurrum stað. Hlífið gegn beinu sólarljósi.

HEILSA, ÖRYGGI, UMHVERFI

Varan er talin hættulaus. Tryggið góða loftræstingu. Geymið þar sem börn ná ekki til. Berist lakkið í augu, skal skola umsvifalaust með volgu vatni. Þurrkið umframmagn lakks af búnaði fyrir þvott í volgu sápuvatni. Tæmið ekki úr umbúðum í niðurföll eða ár/vötn/sjó.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun, hvort varan hentar þeirra þörfum.

Útgáfa: Janúar 2019



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is